

Nd. 47. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23 10. maí 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

16. gr. laganna (sbr. 6. gr. 1. nr. 23/1977) orðist svo:

Kjaradómur tekur kjaradeilur til meðferðar samkvæmt 14. gr. Hann leitar sátta en kveður upp dóm um ágreiningsefni aðalkjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrests.

Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó fresta dómsuppkvaðningu fram yfir þann tíma, þó ekki lengur en tvær vikur í senn. Ósk um slíkan frest skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

2. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 7. gr. 1. nr. 23/1977) orðist svo:
Kjaradómur skal hafa kveðið upp dóm um ágreining um sérkjarasamninga eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests eða gerð aðalkjarasamnings, hvort sem síðar reynist. Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó lengja þennan frest um einn mánuð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um tveggja vikna fyrirvara að frestun dómsuppkvaðningar skal Kjaradómi heimilt að fresta dómsuppkvaðningu skv. 1. gr. í þeim málum þar sem dómur skal hafa gengið í október 1977, þótt fyrirvara þessum sé ekki fullnægt, enda sé ákvæðum 1. gr. fullnægt að öðru leyti.

Greinargerð.

Með setningu laga nr. 23/1977 var gert ráð fyrir að BSRB hefði lokið sinni samningsgerð fyrir þær tímasetningar sem lög in tilgreina.

Vegna þeirrar óvissu sem nú ríkir um samninga BSRB er hér gert ráð fyrir heimildarákvæði um frestun uppkvaðningar Kjaradóms ef með þarf og allir aðilar samþykkja.

Taki Kjaradómur afstöðu í máli BHM áður en BSRB hefur lokið samningsgerð má búast við öðru kjaradómsmáli í kjölfar dómsins á grundvelli 7. gr. laga nr. 46/1973 sbr. 1. gr. 1. nr. 23/1977.

Endurskoðun nær þó eingöngu til launastigans en ekki annarra kjaraatriða sem nú eru óljós.

Þótt þessar sérstöku ástæður valdi því, að slíkrar lagabreytingar sem þessar þyki þörf einmitt nú. er fullljóst, að eins og nú háttar er lögunum ábótavant að því leyti, að þau gera ekki ráð fyrir að unnt sé að fresta uppkvaðningu kjaradóma, enda þótt allir málsaðilar æski þess. Því þykir eðlilegra, að sú heimild, sem hér er lagt til að veitt verði, sé ekki eingöngu háð þeim kjarasamningum, sem nú standa yfir, heldur komi að fullu inn í lög in sem varanleg heimild.

Um 1. gr.

Hér er bætt við 2. mgr. svohljóðandi:

„Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó fresta dómsuppkvaðningu fram yfir þennan tíma, þó ekki lengur en tvær vikur í senn. Ósk um slíkan frest skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.“

Hvað varðar 2. málslíð 2. mgr. þykir nauðsynlegt, að Kjaradómur hafi nokkurn fyrirvara ef æskt er frestunar dómsuppkvaðningar, enda gæti naumur fyrirvari haft óeðlileg áhrif á störf dómsins. Gert er ráð fyrir, að þessum ákvæðum verði jafnan beitt þannig að Kjaradómur hafi nægan tíma til að ljúka málum.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að frestir milli aðalkjarasamnings og sérkjarasamninga verði ekki styttri en nú er, og leiðir þessi breyting af breytingunni skv. 1. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Leiðir af 2. málslíð 2. gr. og þarfnast ekki frekari skýringar.